Krafturinn sá sami þótt hárunum fækki

Hljóm-plötur

Sigurður Sverrir Pálsson

Saxon
Power and the Glory
Carrere/ Fálkinn

Eftir að hafa séð Saxon á tónleikum í Hammersmith Odeon sl. vetur, blandaðist mér ekki hugur um að Biff Byford og hans menn stæðu flestum öðrum bárujárnsrokkurum framar. Ég beið því spenntur eftir komu plötunnar Power and the Glory. Eftir því sem biðin varð lengri varð spennan meiri. Loks þegar mér barst platan, varð spennufall. Saxon er ekki lengur alveg sú sveit sem hún var. Á því leikur vart nokkur vafi.

Það, sem lengstum hefur skapað Saxon sérstöðu innan bárujárnsrokksins, hefur verið söngur Biff Byford. Söngurinn gerir það reyndar ennþá, en lagasmíðunum hefur hrakað talsvert frá því á fyrri plötum. Í mínum huga er ekki nema eitt **mjög gott** lag á þessari nýjustu plötu fimmenninganna frá Walsall. Það er Warrior og stendur hinum feti framar og gott betur. Hin lögin, 7 talsins, eru öll fremur keimlík.

Þótt hárunum hafi fækkað nokkuð á höfði tveggja meðlimanna, hefur ekkert dregið úr hraðanum í tónlistinni. Hann er reyndar meiri en áður, ef eitthvað er. Dúndrandi bassatrommusláttur Nigel Glockler glymur í eyrunum eins og loftpressa og Steve Dawson sér til þess að áhrifin verði enn ofsafengnari með bassadrunum í takt við Glockler. Ofan á þetta bætist svo gítarleikur þeirra Graham Oliver og Paul Quinn. Þeir hamast sem í ákvæðisvinnu væru og söngur Byford er síðan punkturinn yfir i-ið. Saman hafa þessir fimmmenningar myndað hljómsveit, sem virðist því miður vera að gefa eftir, hægt og sígandi.

Power and the Glory er engan veginn besta plata Saxon, en kannski ekki sú lakasta heldur. Þrátt fyrir viss vonbrigði með hana leikur samt enginn vafi á því, að Saxon heldur merki bárujárnsrokksins hærra á loft en flestir keppinautarnir, a.m.k. ennþá, hvað sem síðar verður. Þetta er ekki heppileg plata til fyrstu kynna af Saxon, þannig að ég bendi áhugasömum á einhverra eldri platnanna. Saxonfríkin munu hins vegar „fíla" þessa í botn.

Óvæntur stormur frá Capitol


Storm
Storm
Capitol/ Fálkinn

Engin deili veit ég á hljómsveitinni Storm, en þessi plata hennar hefur engu að síður orðið mér heljarmikið umhugsunarefni. Ekki aðeins býður þessi plata upp á mjög góða tónlist á köflum heldur eru lögin einnig svo ólík innbyrðis að undrum sætir. Þá hefur það ennfremur vakið athygli mína hversu hljótt hefur verið um þessa hljómsveit vestanhafs. Sennilegasta skýringin er þó einfaldlega sú, að Storm hafi enn ekki náð að láta vinda sína blása um fremur geldan tónlistarmarkað Bandaríkjanna.

Storm er fjögurra manna flokkur og innan hans er m.a. að finna feikilega skemmtilega söngkonu í formi Jeanette Chase. Ekki aðeins leggur hún til afbragðsgóðan söng heldur leggur hún fram ríflegan skerf til lagasmíða þessarar hljómsveitar. Það kemur í hlut Lear Stevens að semja lögin á móti henni og þótt sum laganna séu að mínu mati ekki nægilega sterk, eru þarna önnur sem bæta veikleika hinna fyllilega upp og gott betur. Þó er nokkurt misræmi á milli laganna og stundum er eins og Storm viti ekki allsendis við hvaða línu hún á að halda sig. Þetta eru þó vonandi aðeins byrjunarörðugleikar og sem einlægur rokkunnandi vona ég að þyngra rokkið verði ofan á þegar upp er staðið.

Á þessari plötu er sem fyrr segir að finna ýmsar tegundir rokks. Lagið Running from You hljómar á köflum ekki ósvipað því sem Zeppelin var að gera á tímabili og hjálpar þungur trommuleikur Jimmy Monroe og öruggur bassaleikur Ronni Hansen til við að styrkja þá kenningu. Chase á það líka til að reka upp þessi ljúfu öskur „a la Plant". Þá er lagið Pez mjög athyglisvert, svo og tvö-þrjú til viðbótar.

Capitol virðist hafa lag á að grafa upp hljómsveitir, sem eitthvað er spunnið í. Ef ég man, er þetta önnur platan, sem kemur mér verulega á óvart á þessu ári og báðar eiga það sammerkt að vera frá Capitol. Gefið þessu nafni, Storm, gaum í framtíðinni.



Roj Friberg hefur gert teikningar við Sólarljóð, sem komu út í Svíþjóð fyrr á þessu ári í þýðingu Gunnars D. Hanssonar, og er meðfylgjandi mynd úr bókinni.

Haustsýning FÍM í október

Haustsýning FÍM verður opnuð á Kjarvalsstöðum þann 15. október nk. Haustsýningin er nú með öðrum hætti en venja hefur verið.

Nú verða þar eingöngu sýnd myndverk unnin á pappír eða í pappír — s.s. hvers konar myndir unnar með hinum ýmsu efnum á pappír, svo og klippmyndir (collage), pappírsskúlptúrar og t.d. svifmyndir úr pappír.

Öllum er heimilt að senda myndir til sýningarnefndar félagsins, sem jafnframt skipar dómnefnd sýningarinnar.

Myndum skal skilað á Kjarvalsstaði föstudag 7. október kl. 4—6 e.h.

Sænskur listamaður, Roj Friberg, mun sýna teikningar á Haustsýningunni í boði FÍM. Roy Friberg er víða kunnur fyrir teikningar sínar, og hefur sýnt myndir sínar víða um lönd. Hann hefur einnig unnið leikmyndir fyrir t.d. Dramaten í Stokkhólmi. Sýningin stendur til sunnudags 29. október.

Mosavaxnar áttir

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Sigmundur Ernir Rúnarsson:
ÓSTAÐFEST LJÓÐ.
Þorvaldur Þorsteinsson teiknaði myndir.
Svart á hvítu 1983.


Íslensk ljóðlist er ekki fátæk af náttúruskáldskap. Gömlu skáldin ortu um náttúruna, formbyltingarskáldin líka og ljóst er að ung skáld hafa síður en svo snúið af braut fyrirrennaranna.

Eitt þeirra ungu skálda sem kveða náttúrunni lof er Sigmundur Ernir Rúnarsson í bók sem hann nefnir Óstaðfest ljóð.

Sigmundur yrkir um það hvernig náttúran birtist manninum, ljóðin eru nokkuð eintóna, en áberandi vilji til hnitmiðunar.

Landið er lifandi í þessum ljóðum, hreyfingin skiptir miklu til að laða fram rétta stemmningu:

gljálitir stormar þenja hörpustrengi
í austurátt
einsog skelfdir tónar hlaupa þeir
eftir slóð
og skuggi þeirra svartur
stekkur vesturundan



Sigmundur Ernir Rúnarsson

rjóður morgunn
vekur á heiðum
fótatak jarðar

sem heldur undan svartamyrkri
veg til kvölds.

Yfirleitt er náttúruskáldskapur Sigmundar fremur sviplítill, en hann nær sér stöku sinnum á strik með persónugervingu sem vekur athygli. Málið er ljóðrænt og fremur mótað af eldri skáldskap en nýjungum í ljóðlist. Sumt orkar tvímælis í málbeitingu eins og títt er hjá byrjendum, en varla ástæða til að tíunda það af því að ungt skáld á í hlut.

Þriðja erindi ljóðsins Tíðarandi er á þessa leið:

vesturundan heiðinni er gamlar vörður að finna
ekki er lengur til þeirra hugsað eða í þær spáð
og mosavaxnar eru áttir þeirra

Hefði staðið í þessu ljóði að vörðurnar væru mosavaxnar hvað hefði þá getað bjargað því frá að leysast upp í venjulegan prósa? En með því að kalla **áttirnar** mosavaxnar er fundin lausn sem heldur athygli lesandans vakandi.

Vissulega er maðurinn á ferð í náttúru þessara ljóða. En fyrirferðarlítill er hann. Eiginlega er hlutverk fuglsins stærra. Hann flýgur hjá oftar en einu sinni í ljóðunum. Í Náttfuglinn er að finna töluverða mælsku í ekki lengra erindi: „blæbrigði vindanna/ hylur gleðina/ grátur skýjanna/ þekur reiðina".

Náttúran speglar hugarástand skáldsins. En örlæti í náttúrulýsingum getur orðið til þess að kæfa hugsun, draga úr styrkleika þeirrar myndar sem skáldið hlýtur þrátt fyrir allt að vilja gera sem eftirminnilegasta.

The Dead Girls


Erlendar bækur

Jóhanna Kristjónsdóttir

The Dead Girls eftir Jorge Ibargüengoitia.
Útg. Chatto & Windus 1983.

Þetta mun vera fyrsta bók mexíkanska höfundarins Jorge Ibargüengoitia, sem kemur út á ensku. Hann er fæddur fyrir tæpum sextíu árum í Guanjato í Mið-Mexíkó og hefur að minnsta kosti tvívegis fengið einhver ágæt Mið-Ameríku- og Suður-Ameríku-bókmenntaverðlaun. Hann hefur verið afkastamikill þýðandi spánskra verka á ensku.

The Dead Girls mun vera byggð á staðreyndum að grunni til: lík nokkurra ungra stúlkna eru grafin upp í garði hóruhúss nokkurs. Síðan er sagan rakin, yfirheyrslan og aðdragandinn, og allt er þetta öllu fremur í skýrsluformi en skáldsagna-. Þó svo að höfundurinn



Jorge Ibargüengoitia

byggi á staðreynd að nokkru leyti rannsakar hann samt sem áður málið út frá sínu eigin sjónarhorni og dregur þær niðurstöður, sem honum sýnist trúlegastar. Þó svo að hér sé sagt að bókin sé í eins konar skýrsluformi fer því víðs fjarri, að hún sé þurr og óaðgengileg. Hún rennur fram af rökvísi og ritleikni sem er bæði heillandi og á stundum illgirnislega spaugileg. Lífshlaupi stúlknanna, svo og þeirra Baldarosystra, sem stjórna hóruhúsinu eru gerð skil, svo að persónurnar eru skýrar og manneskjulegar. Grimmd þeirra systra verður líka að minnsta kosti skýranleg og þó er kannski ekki farið mjög djúpt — með snöggum og litríkum dráttum skynjum við harmleik þeirra.

The Dead Girls er verulega góð bók, óvenjuleg í hæsta máta. Það er meira en hægt er að segja hverju sinni.

